



UNGLINGAÞING UMBOÐSMANNS BARNA

Skýrsla um undirbúning og störf NetPings
nóvember 2001

Efnisyfirlit

- ⇒ **Hvers vegna NetPing?** Þórhildur Líndal umboðsmaður barna
- ⇒ **Skýrsla lokafundar NetPings 2001 - unglingsþings umboðsmanns barna**
 - Dagskrá lokafundar 5. nóvember 2001
 - Ályktanir NetPings 2001
 - skólamál
 - félagslíf
 - ofbeldi og vímuefni
 - mannréttindi
 - heimsmál
 - ályktun sameinaðs NetPings
 - tillögur sem voru felldar
 - Biðjum um frið eftir Valgeir Guðjónsson
 - Þingfulltrúatal
 - Atkvæðaseðill
- ⇒ **Viðaukar:**
 - Vefsíður NetPings
 - Fréttatilkynning um setningu NetPings 9. október 2001
 - Bréf til þingfulltrúa NetPingsins frá verkefnisstjóra
 - Skipting framhaldsskóla eftir kjördæmum
 - Mynd af skiptingu kjördæma á Íslandi
 - Bréf umboðsmanns barna, dags. 26. sept. 2001, til framhaldsskóla
 - Bréf umboðsmanns barna, dags. 25. sept. 2001, til nemendafélaga framhaldsskóla

AF HVERJU NETPING ?

Veturinn 1999-2000 ýtti ég úr vör tilraunaverkefni, sem nefnt var NetPing-unglingaþing umboðsmanns barna. Eins og nafnið bendir til fór þetta þing fram á Netinu með þátttöku 63 þingfulltrúa, sem voru á aldrinum 12-15 ára úr 25 grunnskólum víðs vegar af landinu. Þar eð þetta NetPing þótti takast vel ákvað ég eftir að hafa fengið samþykkt fjárframlag frá verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið, að efnt skyldi til 2. NetPings á árinu 2001.

Í þetta sinn ákvað ég að leita eftir samstarfi við Félag framhaldsskólanema, sem og nemendafélög framhaldsskóla landsins. Ég ritaði stjórnnum nemendafélaganna bréf, þar sem ég fór fram á liðsinni þeirra við að kynna væntanlegt NetPing fyrir nemendum 1. og 2. bekkjar skólanna, þ.e. nemendum fæddum 1984 og 1985, og hvetja þá til þátttöku, sjá nánar bréf mitt til nemendafélaga framhaldsskóla, í viðauka.

Eins og kunnugt er þá erum við Íslendingar aðilar að alþjóðlegum mannréttindasáttmála, sem gildir eingöngu um einstaklinga yngri en 18 ára. Þetta er samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem í daglegu tali er nefndur Barnasáttmálinn. Í 12. gr. þessa sáttmála er að finna afar merkilegt ákvæði þar sem segir m.a:

*Aðildarríki skulu tryggja barni
sem myndað getur eigin skoðanir
rétt til þess að láta þær frjálsglega
í ljós í öllum málum sem það varða
og skal tekið réttmætt tillit til skoðana
þess í samræmi við aldur barns og þroska.*



Það var ekki síst á grundvelli þessarar greinar sáttmálans sem ég, í upphafi, ákvað að efna til NetPings. Markmiðið var að gefa ungu fólki verðugt tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri við opinberan talsmann sinn, en það er hlutverk umboðsmanns barna að stuðla að bættum hag barna og standa jafnframt vörð um réttindi, hagsmuni og þarfir þeirra, sem eru yngri en 18 ára. Til að gera mér kleift að rækja þetta hlutverk er mér nauðsynlegt að heyra skoðanir unga fólksins, þar eð ég legg mikla áherslu á að raddir þeirra verði meira áberandi í samfélagsumræðunni, hinni opinberu umræðu, og að á þær verði hlustað og mark tekið á þeim við uppbyggingu og skipulag þjóðfélags okkar.

Tilgangur NetPingsins var því fyrst og fremst sá að gefa fulltrúum ungu kynslóðarinnar tækifæri á að ræða sín á milli, á lýðræðislegan hátt, um málefni er á þeim brenna og koma skoðunum sínum á framfæri.

Í þessu sambandi þótti mér fýsilegur kostur að nýta möguleika nýjustu samskipta- og upplýsingatækni, þ.e. tölvusamskipti gegnum Netið, á spjallrásum, póstlistum og vefsíðum. Eins og segir hér að framan fékkst styrkur frá verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið til þessa verks. Tæknilegur ráðgjafi við uppbyggingu NetPings 2001 var Gunnar Grímsson viðmóts-hönnuður en hann var einnig með þegar Netþingi 1999-2000 var hleypt af stokkunum. Til að hafa umsjón með framvindu NetPings 2001 var ráðinn sérstakur verkefnisstjóri, Gyða Dröfn Tryggvadóttir. Við Netþingið unnu jafnframt tveir starfsmenn embættisins auk mín, umboðsmanns barna.

Eins og áður sagði voru þingfulltrúar NetPings 63 að tölu, jafnmargir og þingmenn á Alþingi við Austurvöll. Úr landsbyggðarkjördæmunum, þ.e. Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi, komu samtals 30 þingfulltrúar, þ.e. 10 úr hverju kjördæmi, 11 þingfulltrúar komu úr Suðvesturkjördæmi og 22 úr Reykjavíkurborgarkjördæmum. Í skýrslu um lokafund NetPings, er að finna lista með nöfnum þingfulltrúa, frá hvaða framhaldsskóla þeir komu og netfang þeirra.



Skólameisturum framhaldsskólanna var ritað bréf og óskað eftir samstarfi við skólann í þremur mikilvægum atriðum, þ.e. varðandi tölvunotkun netþingsfulltrúa, leyfi úr kennslustundum til að sitja fundi NetPingsins og leyfi frá skólasókn vegna lokafundar þingsins, sjá nánar bréf frá umboðsmanni barna til framhaldsskóla, í viðauka.

Hinn 9. október 2001 kl. 13.00 var NetPingið formlega sett, í húsakynnum embættisins að Laugavegi 13 í Reykjavík, af menntamálaráðherra Birni Bjarnasyni. NetPingfundir stóðu yfir frá 9. október til 29. október en fundir voru haldnir vikulega í 2 klukkustundir í senn. Starfið fór aðallega fram í nefndum, sem þingfulltrúar völdu í upphafi þings. Hver nefnd fjallaði um tiltekið umræðuefni á lokaðri spjallrás. Að loknum umræðum lagði hver nefnd fram tillögur sínar ásamt rökstuðningi.

Lokafundur NetPingsins fór fram í Salnum í Kópavogi, 5. nóvember 2001, þar sem þingfulltrúar hittust allir, í fyrsta og eina skiptið, augliti til auglitis. Á þessum lokafundi gerðu formaður og ritari hverrar nefndar grein fyrir tillögum nefndarinnar ásamt meðfylgjandi rökstuðningi. Eftir umræðu um efni hverrar tillögu, var gengið til atkvæða. Nokkrar tillögur nefndanna voru samþykktar eftir orðalagsbreytingar, ein tillaga skólamálanefndar var felld við atkvæðagreiðslu og tvær af tillögum heimsmálanefndar sömuleiðis.

Sameinað NetPing 2001 lagði fram tillögu um að lífsleikniáfangi samkvæmt aðalnámskrá yrði endurskoðaður, bættur og samræmdur milli framhaldsskóla, sjá nánar skýrslu um lokafund.

Sameinað þing kaus og forseta NetPings. Hlutverk hans var að afhenda menntamálaráðherra, ályktanir NetPings - unglingsþings umboðsmanns barna 2001, sjá nánar skýrslu um lokafund Netþings. Eftir að hafa tekið við ályktunum þessum ávarpaði ráðherra þingheim.



Þar sem þessi lokafundur var haldinn í heyranda hljóði gafst gestum og gangandi tækifæri að hlýða á málflutning hinna ungu ræðumanna. Ýmsir nýttu sér þetta tækifæri, m.a. komu fjölmiðar og tóku viðtöl við nokkra þingfulltrúa. Ágætis umfjöllun var um NetPingið í dagblöðum, sjónvarpi og hljóðvarpi.

Lokafundinum lauk með frumflutningi lags og ljóðs Valgeirs Guðjónssonar, *biðjum um frið*, sem samið var að beiðni minni og tileinkað ungu kynslóð Íslendinga.

Það er von mín að ályktanir NetPings - unglingsþings umboðsmanns barna 2001 nái eyrum allra þeirra, er þær varða, og tekið verði tillit til þeirra, þannig að metnaðarfull störf netþingsfulltrúa beri, sem fyrst, sýnilegan árangur.

Reykjavík, í nóvember 2001

Þórhildur Líndal
umboðsmaður barna



Netþing

Unglingaþing umboðsmanns barna

Lokafundur

mánudaginn 5. nóvember 2001

í Salnum í Kópavogi

Dagskrá lokafundar

Mánudaginn 5. nóvember 2001 í Salnum í Kópavogi

- 10:45** Tónlist - Davíð Þór Jónsson, píanó og Hrafn Ásgeirsson, saxófón
- 11:00** Umboðsmaður barna, Þórhildur Líndal, setur lokafund NetÞings 2001
- 11:10** Bæjarstjóri Kópavogs, Sigurður Geirdal, býður þingfulltrúa velkomna
- 11:15** Tillögur nefnda um skólamál og félagslíf kynntar af formönnum, umræður þingfulltrúa um tillögurnar og atkvæðagreiðslur
- 12:00** Veitingar í boði bæjarstjórnar Kópavogs - fyrir þingfulltrúa NetÞings
- 12.45** Tillögur nefnda um ofbeldi og vímuefni, mannréttindi og heimsmálin, kynntar af formönnum, umræður þingfulltrúa um tillögurnar og atkvæðagreiðslur
- 14.00** Kosning fulltrúa úr hópi formanna eða ritara NetÞings - unglingsþings umboðsmanns barna
- 14:15** Frumflutningur lags og ljóðs eftir Valgeir Guðjónsson, tileinkað yngri kynslóð Íslendinga
- 14.30** Niðurstöður NetÞings afhentar Birni Bjarnasyni, menntamálaráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar
- 14.50** NetÞingi 2001 slitið

Ályktanir NetÞings 2001

Fyrsta ályktun um skólamál

NetÞing 2001 leggur til að möguleikar nemenda á stuðningi verði auknir, þ.e.a.s. komið verði til móts við þá sem eiga í erfiðleikum, t.d. vegna lesblindu eða erfiðra heimilisaðstæðna.

Rök: Við viljum að kennurum sé ekki sama um okkur og að þeir hafi áhuga á að kenna okkur, áhuga á að við náum árangri. Þetta teljum við hvatningu fyrir nemendum sem fá litla hvatningu í náminu.

Önnur ályktun um skólamál

NetÞing 2001 leggur til að nemendur í framhaldsskólum geti leitað til sérstaks ráðgjafa, t.d. þegar upp kemur ósætti milli kennara og nemenda.

Rök: Ef kennari leggur nemanda í einelti vísvitandi eða ómeðvitað eða mismunar honum á einhvern hátt, þá getur nemandinn leitað til þessa ráðgjafa um aðstoð. Ráðgjafinn gæti þá unnið í málinu í samráði við nemanda og kennara.

Þriðja ályktun um skólamál

NetÞing 2001 leggur til að skilakerfi varðandi heimavinnu verði endurskoðað.

Rök: Nemendur sem að jafnaði eru mjög samviskusamir við heimanám geta lent í því að fá lægri heildareinkunn heldur en réttmætt er vegna þess að eitt verkefni liggur ekki fyrir, t.d. vegna óviðráðanlegra orsaka. Ef nemandinn hins vegar stendur sig annars í verkefnaskilum þá ætti að taka tillit til þess.

Fjórða ályktun um skólamál

Netþing 2001 leggur til að það sé eftirlit í skólum með því hvort kennarar kunni eitthvað að kenna. Það þyrfti að vera einskonar innra eftirlit með kennurum og svo möguleiki á að senda þá á endurmenntunarnámskeið eftir ákveðinn tíma í kennslu. Ekki allir kennarar þurfa að fara á svona námskeið, en sumir þurfa það.

Rök: Sumir kennarar kunna kannski mjög mikið í sínu fagi, ensku, náttúrufræði, íslensku, stærðfræði eða hverju sem er, en það þýðir ekkert að þeir kunni að kenna. Og það gengur auðvitað ekki að það falli margir nemendur vegna þess að kennarinn kann ekkert að kenna.

Fyrsta ályktun um félagslíf

Netþing 2001 leggur til að aldursmörk verði miðað við ár en ekki fæðingardag.

Rök: Það er ósanngjarnt að þeir sem eru í sama árgangi komist ekki inn á sömu skemmtanir ss. böll eða bíó. Þessar reglur eiga þó ekki að gilda um ökuþróf.

Önnur ályktun um félagslíf

Netþing 2001 leggur til að balltíma í framhaldsskólum verði breytt aftur í fyrra horf, þ.e. að þau verði til klukkan 03 í stað 01.

Rök: Það er ósanngjarnt að mismunandi reglur séu í gildi í framhaldsskólum á landinu. Við teljum að skynsamlegra sé að skemmta sér undir eftirliti til 03 heldur en að vera á balli til 01 og fara svo bara niður í bæ eða í eftirpartý á eigin vegum. Ef böllin eru til kl. 03 er fólk orðið sæmilega þreytt og vill fara heim að sofa.

Þriðja ályktun um félagslíf

Netþing 2001 leggur til að tekin verði upp afsláttarkort sem gilda á þeim stöðum sem unglingar sækja helst. Við skorum á menntamálaráðherra að styðja félag framhaldsskólanema til að hefja samningsumleitunir við fyrirtæki um námsmannaafslátt gegn framvísun skólaskírteinis.

Rök: Verðlag t.d. í bíó, sund, íþróttaviðburði og aðra afþreyingu er alltof hátt fyrir buddu fátækra námsmanna. Þá er einnig neikvætt að þurfa að vinna með námi og teljum við afsláttarkort geti dregið úr vinnu með skóla.

Fjórdá ályktun um félagslíf

Netþing 2001 leggur til að leyft verði á ný að auglýsa skemmtanir nemendafélaga í öðrum framhaldsskólum og öllum framhaldsskólanemendum verði frjálst að sækja skemmtanir allra framhaldsskóla.

Rök: Nemendafélög tapa stórum upphæðum vegna þess að aðsókn á atburði hefur verið heft í kjölfar reglna um gestalista og bann við auglýsingum. Vinir geta t.d. í sumum tilvikum ekki farið á böll saman.

Fyrsta ályktun um ofbeldi og vímuefni

Netþing 2001 telur mikilvægt að trúnaðarmaður nemenda sé til staðar í framhaldsskólum, sem hægt er að leita til þegar upp koma vandamál.

Rök: Gott er að geta leitað til hlutlauss aðila þegar vandamál koma upp og ekki eru allir í þeirri aðstöðu að fá hjálp heiman frá. Mörg vandamál þjaka unglinga, t.d. eiturfjaneysla, ofbeldi og heimiliserjur. Vegna þessa teljum við að trúnaðarmaðurinn eigi að vera fagmenntaður einstaklingur og til staðar í öllum framhaldsskólum.

Önnur ályktun um ofbeldi og vímuefni

Netþing 2001 leggur til að jafningjafræðsla í vímuefnavörnum innan framhaldsskóla verði sett inn í lífsleiknisáfangi í námsskrá.

Rök: Við teljum að ungt fólk sem hefur lent í viðjum vímunnar hafi meiri áhrif sem forvörn en t.d. fræðslufundur með lögreglunni. Þegar aðili kemur í eigin mynd og segir sína sögu og við sjáum hvernig eiturlyfjanotkun hefur farið með hann eru mun meiri líkur á að við hlustum af meiri áhuga og hugsum okkar gang. Þarna fáum við ískaldan sannleikann beint í andlitið eins og vatnsgusu.

Þriðja ályktun um ofbeldi og vímuefni

Netþing 2001 leggur til að opnuð verði nokkur hús fyrir heimilislausa, bæði á höfuðborgarsvæðinu sem og úti á landsbyggðinni til að veita þeim sem ekki hafa önnur úrræði, húsaskjól og mat.

Rök: Við teljum að þetta leiði til fækkunar á innbrotum sem og ofbeldi sem á sér stað í þjóðfélaginu. Við vitum það mæta vel að það mun alltaf vera til fólk sem hefur ekki í nein hús að venda og teljum það skyldu okkar að loka ekki augunum fyrir þeirri staðreynd að þarna úti er fólk sem býr á götunni.

Fyrsta ályktun um mannréttindi

Netþing 2001 leggur til að komið verði á jafningjafræðslu um einelti innan framhaldskólanna. Sú fræðsla verði sett inn í lífsleiknisáfangi í námsskrá.

Rök: Í þessu fælist að fá jafnaldra til að ræða um vandann, og reyna að hvetja fólk til að taka á honum. Ýta undir að þeir unglingar sem á annað borð skynja alvarleika málsins, og eru á móti einelti, verði virkjaðir og segi sínar skoðanir á málinum. Þá þarf að koma því til skila að sá sem horfir á og gerir ekkert er þáttakandi í einelti.

Önnur ályktun um mannréttindi

NetÞing 2001 leggur til að komið verði á formlegum samskiptum 16 og 17 ára barna við sveitarstjórnir landsins. Settar verði á stofn unglinganefndir á vegum sveitarfélaganna sem hafi rétt á að sitja fundi bæjarstjórna, koma með sínar hugmyndir og rökstyðja þau mál sem brenna mest á unglingum.

Rök: Unglingar fái að fylgjast betur með stjórn síns nánasta umhverfis og vita hvaða reglur gilda um réttindi og skyldur þeirra. Með samstarfi unglinganefnda sveitarfélaga gætu unglingar sameinast um hagsmuna- og réttindamál sín.

Þriðja ályktun um mannréttindi

NetÞing 2001 leggur til að meiri áhersla verði lögð á samskipti og tjáningu í kennslu fyrstu bekkja framhaldsskóla.

Rök: Um er að ræða kennslu sem sýnir fram á mikilvægi þess að hver einstaklingur geti talað fyrir sínu máli, rökstutt það og átt góð samskipti við náungann. Efla mætti þessa kennslu í LKN lífsleikniáfanganum sem er að finna í nýrri aðalnámskrá framhaldsskólanna. Kennslan gæti byggst á þjálfun í tjáningu, t.d. með ræðuflutningi og upplestrum, spuna og fleiri atriðum. Skoða mætti þessa kennslu út frá sambærilegri kennslu sem fer fram í grunnskólum.

Fyrsta ályktun um heimsmál

NetÞing 2001 fordæmir hryðjuverkin sem áttu sér stað í Bandaríkjunum þann 11. september sl. og skorar á þjóðir heims um að taka höndum saman til þess að koma í veg fyrir að slíkir atburðir endurtaki sig.

Rök: Til þess að það gangi eftir, á sem friðsamlegastan máta, verða allir jarðarbúar að vinna saman, óháð lit, kyni, tungumáli eða trú og sýna hver öðrum skilning og tillitssemi.

Önnur ályktun um heimsmál

NetÞing 2001 skorar á Íslendinga að kaupa ekki vísitandi vörur eða þjónustu af fyrirtækjum sem ekki virða lágmarkskröfur um kjör, öryggi eða lög varðandi lágmarkslaun, vinnustundir, veikinda- og hátíðaleyfi. Einnig leggst NetÞing eindregið gegn fyrirtækjum sem stunda barnaprælkun miðað við alþjóðasáttmála.

Rök: Lögleg lærlingsstörf eða nám tengd vinnu eru ásættanleg svo lengi sem það er engin hættu á skaða fyrir barnið. Fyrirtæki verða að bera virðingu fyrir mannréttindum og frelsi og án misréttis gagnvart aldri, lit, kyni, tungumáli eða trú.

Tillaga sameinaðs NetÞings 2001

NetÞing 2001 leggur til að lífsleikniáfangi samkvæmt aðalnámsskrá verði endurskoðaður, bættur og samræmdur á milli framhaldsskóla.

Rök: Sjá aðra tillögu ofbeldis- og vímuefnanevndar og fyrstu og þriðju tillögu mannréttindanevndar.

Eftirtaldar tillögur skólamálanefndar og heimsmálanefndar voru felldar á þinginu

Fimmta tillaga um skólamál

NetÞing 2001 leggur til að nemendur fái að hafa aukin áhrif á val á námsefni og aukið frelsi til sérhæfingar.

Rök: Nemendur yrðu sáttari við val á námsefni sem lagt er fyrir ef þeir fengju að segja sína skoðun á því og ef hlustað yrði á þeirra álit á námsefninu og áherslum í hverju fagi fyrir sig. Mætti t.d. byggja kerfið þannig upp að innan hvers fags ættu nemendur þann möguleika að velja sér svið og sérhæfa sig frekar. Nemendur tækju með þessu meiri ábyrgð á eigin námi

Fyrsta tillaga um heimsmál

NetÞing 2001 skorar á íslensk stjórnvöld að taka upp viðskipta-samband við Kúbu.

Rök: Ástæður viðskiptabannsins sem er við lýði eru fyrir löngu orðnar úreltar.

Þriðja tillaga um heimsmál

NetÞing 2001 skorar á stjórnvöld að hækka framlög til þróunar-aðstoðar í samræmi við það sem aðrar þjóðir leggja fram.

Rök: Íslendingar eiga að standa við alþjóðasamninga sem þessa á grundvelli mannúðarsjónarmiða. Nú greiða Íslendingar 0.7 til 0.9 % af þjóðarframleiðslu til þróunaraðstoðar en samkvæmt alþjóðasamningum ættum við að leggja fram 2% af þjóðarframleiðslu til þessara mála. Við teljum að Íslendingar ættu að leitast við að "hjálpa þeim sem hjálpa sér sjálfir" t.d. með lánveitingum til kvenna sem eru í atvinnulífi eða veita fólki aðgang að vatni.



biðjum um frið

horfumst í augu
látum hugann reika um jörðina
hittum fyrir mennina
og biðjum um frið

höldumst í hendur
látum vindinn bera óskina
yfir sléttur, höf og fjallgarða
og biðjum um frið

sendum óskina í austur
sendum óskina í vestur
sameinum hugina
og biðjum um frið

sendum bænina um heiminn
út í himingeiminn
til allra vetrarbrautanna
og biðjum um frið

horfumst í augu
og spyrjum réttra spurninga
leitum réttu svaranna
og biðjum um frið

höldumst í hendur
kyndum glóðina í hjartanu
gerum okkar besta
og biðjum um frið

sendum óskina í austur
sendum óskina í vestur
sameinum hugina
og biðjum um frið

sendum bænina um heiminn
út í himingeiminn
til allra vetrarbrautanna
og biðjum um frið

Ljóð og lag: Valgeir Guðjónsson

Samið í tilefni Netþings 2001 og tileinkað ungu kynslóð Íslendinga

(Samið undir áhrifum af kvæði Jóhannesar úr Kötlum "Gömul þula frá Týli")



Þingmannatal

Nafn	Skóli	Gælunafn	Netfang
Agnes Skúladóttir	FNV	agnes	gnesa_skula@hotmail.com
Alma Joensen	MH	aj	alma@ice.is
Anna Sigríður Engilbertsdóttir	FÁ	annska	annska85@yahoo.com
Atli Bollason	MH	yggdrasill	atlib@hotmail.com
Atli Thor Birgisson	IR	Amp-ir	atli2@yahoo.com
Ása Birna Aðalsteinsdóttir	FSH	asabirna	asabirna@fsh.is
Birgitta Lind Vilhjálmsson	Kvennó	birgitta	birgittalin@kvenno.is
Bryndís Þorsteinsd.	Kvennó	bryndis	bysti@visir.is
Brynjólfur Gísli Gíslason	IH	Binni	warescd@li.is
Eydís Ýr Rósenkjær Eypór Helgi Guðmundsson	Flensborg	disa	disa_ros@visir.is
Fríðrik Fannar Gíslason	FB	Frikki	skolarad@undirheimar.is
Guðbjörg S. Hafþórsdóttir	MÍ	Gugga	gud340@fvi.is
Guðrún S. Gísladóttir	FSU	Gussa Zunderma	a296@fsu.is
Gunnar Gunnarsson	ME	n	zunderman@manutd.is
Haukur Ármannsson	FVA	haukur	hawkie@li.is
Helga I. Gunnarsdóttir	VA	Nesk_1	helgai85@visir.is
Hulda B. Haraldsdóttir	ME	Hudda	huldabj@mi.is
Hulda Bjarkar	Flensborg	Hulda	bjarkar@visir.is
Ingimar Björn Davíðsson	MA	Ingimar_M	eydal@mi.is
Ingvar Örn Ákason	VÍ	Ingvar	ommgvar@heimsnet.is
Jóhanna Vala Höskuldsdóttir	MA	vala-ma	vala.hoskuldsdottir@isl.is



Nafn	Skóli	Gælunafn Netfang	
Jóhannes Helgason	ML	flaska	0125@ml.is
Jón Helgi Daníelsson	FNV	Jon_H	svartur84@visir.is
Kári H. Ragnarsson	MH	kari_mh	kari_wan_kenobi@hotmail.com
Máni Atlason	FVA	mani	brescia@visir.is
Orrí Jökulsson	MH	orri	malfundafelag@hotmail.com
Ólafur N. Sigurðsson	FVA	einhver	darkoli@isl.is
Ólöf Heiða Guðmundsdóttir	MS	Olof	heida22@hotmail.com
Ótta Ösp Jónsdóttir	ML	skotta	0007@ml.is
Páll Sigurðsson	FSU	palli	psiggason@hotmail.com
Pétur Sigurðsson	MÍ	Pesti	pet551@fvi.is
Ragna Dís Einarisdóttir	FNV	ragna	partygirl@visir.is
Ragnar Sigurmundarson	ME	RaggiS	ragnars@isholf.is
Ríkharður L. Guðmundsson	IH	Rikki	warescd@li.is
Snorri Birgisson	FSS	Snorri	snorri@gi.is
Sólveig Kanthi Engilbertsdóttir	FÁ	sunny_fa	solveigkanthi69@hotmail.com
Særún Kristín Sævarsdóttir	VA	s	saja@visir.is
Tandri Waage	IR	NoGo	tandri@waage.dk
Telma B. Kristinsdóttir	MÍ	Telma	amlet@hotmail.com
Tinna Eiríksdóttir	MK	tinna	tinnaerla@visir.is
Úlfar Guðmundss	FSS	Ulfar	seal@strik.is
Valgerður Jósefsdóttir	FSH	vala	owen_vala@hotmail.com
Völundur J. Öz	FSU	vjoz	a393@fsu.is
Þórunn Ólafsdóttir	ME	Thorunn	strumpapuki@smurfs.com

Kosning fulltrúa Netþings

Atkvæðaseðill

Nafn	Gælunafn	Staða	Nefnd
<input type="checkbox"/> Eydís Ýr Rósenkjær Ólöf Heiða	disa	Formaður	Félagslíf
<input type="checkbox"/> Guðmundsdóttir	Olof	Ritari	Félagslíf
<input type="checkbox"/> Ragnar Sigurmundarson	RaggiS	Formaður	Heimsmálin
<input type="checkbox"/> Gunnar Gunnarsson	Zunderman	Ritari	Heimsmálin
<input type="checkbox"/> Guðrún S. Gíslad	Gussa	Formaður	Mannréttindi
<input type="checkbox"/> Snorri Birgisson	Snorri	Ritari	Mannréttindi
<input type="checkbox"/> Valgerður Jósefsdóttir	vala	Formaður	Ofbeldi og vímuefni
<input type="checkbox"/> Hulda Bjarkar	Hulda	Ritari	Ofbeldi og vímuefni
<input type="checkbox"/> Máni Atlason	mani	Formaður	Skólamál
<input type="checkbox"/> Haukur Ármannsson	haukur	Ritari	Skólamál



VIÐAUKAR



Fréttatilkynning

NetPing - unglingaþing umboðsmanns barna 2001

Á morgun 9. október 2001 kl. 1300 verður 2. NetPing - unglingaþing umboðsmanns barna, formlega sett af menntamálaráðherra, Birni Bjarnsyni, í húsakynnum embættis umboðsmanns barna.

Veturinn 1999 - 2000 ýtti umboðsmaður barna, Þórhildur Líndal, úr vör tilraunaverkefni sem nefnt var NetPing - unglingaþing umboðsmanns barna. Eins og nafnið bendir til fór þetta þing fram á Netinu, með þátttöku 63 þingfulltrúa sem voru á aldrinum 12- 15 ára úr 25 grunnskólum víðs vegar af landinu. Um störf þessa þings hefur verið gefin út skýrsla.

Að þessu sinni hefur verið óskað eftir samstarfi við framhaldsskólanema.

Eins og á 1. NetPingu hefur verið ákveðið að þingfulltrúar verði 63 talsins, jafnmargir og alþingismenn. Úr landsbyggðarkjördæmunum, þ.e. **Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi**, koma samtals **30 þingfulltrúar** þ.e. **10** úr hverju kjördæmi, **11 þingfulltrúar** komi úr **Suðvesturkjördæmi** og **22** úr **Reykjavíkurborg**.

NetPingið stendur til **29. október**. Netfundir verða haldnir **vikulega** og fer starfið aðallega fram í nefndum, sem valdar verða í upphafi þingsins. Hver nefnd fjallar um tiltekið umræðuefni á lokaðri spjallrás. Að loknum umræðum verða lagðar fram rökstuddar tillögur af hálfu hverrar nefndar og greidd atkvæði með og móti, um efni þeirra.

Ætlunin er að ljúka NetPingu **5. nóvember 2001** með því að bjóða til opinbers lokafundar á höfuðborgarsvæðinu. Þar munu þátttakendur hittast augliti til auglitis og fara yfir samþykktir þingsins í heyranda hljóði að viðstöddum gestum og fjölmiðlafólki.

Íslendingar eru aðilar að alþjóðlegum mannréttinasáttmála, sem gildir eingöngu um börn, nánar tiltekið um alla einstaklinga yngri en 18 ára. Þetta er samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem í daglegu tali er nefndur Barnasáttmálinn. Segja má að **rauði þráðurinn** í þessum sáttmála felist í þremur orðum, umhyggju, vernd og **þátttöku**. Samhliða því að börn skuli njóta umhyggju og

sérstakrar verndar er lögð rík áhersla á að þau verði **virkir þátttakendur í þjóðfélaginu**.

1. málsgrein 12. gr. þessa sáttmála er afar merkileg grein. Hún hefur oft verið nefnd lýðræðisgreinin og hljóðar svo: *Aðildarríki [þ. á m. Ísland] skulu tryggja barni [þ.e. einstaklingi yngri en 18 ára] sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem það varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.*

Það er ekki síst á grundvelli þessarar greinar sáttmálans sem umboðsmaður barna hefur ákveðið að efna til Netþings. Markmið þess er að gefa ungu fólki verðugt tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri við opinberan talsmann sinn. Umboðsmanni er ætlað að stuðla að bættum hag barna og standa jafnframt vörð um réttindi, hagsmuni og þarfir þeirra sem eru yngri en 18 ára. Til frekari fróðleiks vil ég benda ykkur á heimasíðuna; www.barn.is

Nánari upplýsingar gefur Þórhildur Líndal, umboðsmaður barna, síma 552-8999. Verkefnisstjóri er Gyða Dröfn Tryggvadóttir og netfang hennar er gyda@barn.is.

Reykjavík 8. október 2001



Kæru þingfulltrúar NetÞings 2001

Við viljum byrja á því að þakka ykkur kærlega fyrir áhugann og er samstarfið við ykkur á næstu vikum mikið tilhlökkunarefni.

NetÞingið hefst með æfingafundi á **mánudaginn** (8. október) klukkan **13:00**. Þá komið þið ykkur vel fyrir við þær tölvur sem þið hafið fengið afnot af en ef þið eruð í einhvejum vafa með það leitið þá til skólameistara.

Tilgangur æfingafundar er að:

1. Ganga úr skugga um að allir komist inn á **IRCið** og séu vel “tengdir.”

2. Velja umræðuefni

Hvað viljið þið tala um á NetÞinginu? Skemmtahald innan skólans eða hvaða rétt þið hafið miðað við aldur? Kynlíf, sjálfsvíg eða hvernig þið viljið sjá framtíðina? NetÞingið er frábært tækifæri til að koma **ykkar** skoðunum á framfæri við þá sem stjórna landinu þannig að því fleiri hugmyndir því betra.

Á fyrsta þingfundi þ.e. næsta **þriðjudag** (9. október) klukkan **13:00** verður ykkur svo skipt niður í 7 nefndir og hefur hver nefnd sitt umræðuefni.

Hvernig virkar NetÞingið?

1. IRC

Umræða þingfunda fer fram á IRC og forritið sem þið notið til að spjalla heitir mIRC. Við hittumst fyrst á rásinni **#netthing** og skiptum okkur síðan á nefndarásirnar þegar nefndafundir hefjast. Nánar um hvernig þú tengist finnur þú á slóðinni <http://www.barn.is/netthing/> og velur **Hjálp**

2. Korkur (e. Bulletin Board, Hugi.is er t.d. byggður upp á korkum)

“Korkurinn” er rétti staðurinn til að koma á framfæri skoðunum ykkar, hvers og eins, á **milli þingfunda**. Á “korkinn” skrifið þið sjálf, hann er ykkar leið til að leggja fram hugmyndir, tillögur eða hvað annað sem við viljið deila með öðrum þingfulltrúum. Korkurinn er á <http://www.barn.is/netthing/> og þar smellir þú á **Korkur**

3. Vefsíður

Þar finnur þú leiðbeiningar og reglur NetÞingsins. Vefsíðurnar eru læstar og notendanafnið er thingmenn og lykilorðið er af789sem Slóðin er <http://www.barn.is/netthing/>

4. Tölvupóstur



Við, starfsmenn NetÞingsins, notum hann til að senda ykkur skilaboð s.s. til að minna ykkur á fundi. Þess vegna er nauðsynlegt að þið athugið tölvupóstinn reglulega. Ef ykkur vantar einhverjar upplýsingar þá endilega sendið okkur tölvupóst. Ef spurningarnar varða NetÞingið **almennt** þá er netfangið gyda@barn.is en ef þær varða **tæknimálin** þá er netfangið gunnar@this.is

Þegar þið fáið þetta bréf eru hvorki “ircmiðlari” né “korkur” aðgengilegir, við munum kveikja á þeim á mánudaginn, í tæka tíð fyrir æfingafundinn kl. 13. Upplýsingar eru að berast jafnt og þétt inn á vefsíðurnar og þið finnið þær <http://www.barn.is/netthing/>

P.s. Þetta virkar flókið í fyrstu en þó þið skiljið ekki allt þá skýrist það allt þegar við hefjum leik. Þið fáið nánari upplýsingar á mánudagsmorgunn um hvernig þið eigið að bera ykkur að.

Kveðja

Gyða Dröfn Tryggvadóttir
verkefnisstjóri
s:552-8997/697-4545

Skipting framhaldsskóla eftir kjördæmum

Norðvesturkjördæmi (10)

Fjölbrautaskóli Vesturlands
Menntaskólinn á Ísafirði
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra

Norðausturkjördæmi (10)

Menntaskólinn á Akureyri
Verkmenntaskólinn á Akureyri
Framhaldsskólinn á Húsavík
Menntaskólinn á Egilsstöðum
Verkmenntaskóli Austurlands
Framhaldsskólinn Laugum

Suðurkjördæmi (10)

Fjölbraut Suðurnesja
Framhaldsskóli A-Skaftafellssýslu
Fjölbrautaskóli Suðurlands
Menntaskólinn á Laugarvatni
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Suðvesturkjördæmi (11)

Menntaskólinn í Kópavogi
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
Flensborgarskólinn í Hafnarfirði
Iðnskólinn í Hafnarfirði

Reykjavík (22)

Iðnskólinn í Reykjavík
Kvennaskólinn í Reykjavík
Menntaskólinn í Reykjavík
Verzlunarskóli Íslands
Menntaskólinn v/Sund
Menntaskólinn v/Hamrahlíð
Fjölbraut v/Ármúla
Fjölbraut í Breiðholti
Borgarholtsskóli

Reykjavík 26. september 2001

Til framhaldsskóla

Efni: NetPing-unglingaþing umboðsmanns barna 2001

Veturinn 1999 - 2000 ýtti ég, sem umboðsmaður barna, úr vör tilraunaverkefni sem nefnt var NetPing - unglingaþing umboðsmanns barna. Eins og nafnið bendir til fór þetta þing fram á Netinu, með þátttöku 63 þingfulltrúa sem voru á aldrinum 12-15 ára úr 25 grunnskólum víðs vegar af landinu. Lokafundur var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur hinn 24. mars 2000. Til frekari fróðleiks vil ég benda á heimasíðuna: www.barn.is, en þar er að finna skýrslu um Netping 1999-2000.

Nú er stefnt að því að efna til 2. NetPings og að þessu sinni hef ég ákveðið að óska eftir samstarfi við ungmenni á aldrinum 16-18 ára, úr framhaldsskólum af öllu landinu. Eins og á 1. NetPingu hefur verið ákveðið að þingfulltrúar verði 63 talsins, jafnmargir og alþingismenn. NetPingið mun að þessu sinni standa yfir tímabilið 9. til 29. október 2001 en ætlunin er að ljúka NetPingu 5. nóvember 2001 með því að bjóða til opinbers lokafundar á höfuðborgarsvæðinu. Þar munu þátttakendur hittast augliti til auglitis og fara yfir samþykktir þingsins í heyranda hljóði að viðstöddum gestum og fjölmiðlafólki. Að loknum þeim fundi verða samþykktir NetPings 2001 afhentar forseta Alþingis í Alþingishúsinu við Austurvöll eða forsætisráðherra í Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg.

Eins og þér er eflaust kunnugt þá erum við Íslendingar aðilar að alþjóðlegum mannréttindasáttmála, sem gildir eingöngu um börn, nánar tiltekið um alla einstaklinga yngri en 18 ára. Þetta er samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem í daglegu tali er nefndur Barnasáttmálinn.

1. málsgrein 12. gr. þessa sáttmála er afar merkileg grein. Hún hefur oft verið nefnd lýðræðisgreinin og hljóðar svo:

Aðildarríki [þ. á m. Ísland] skulu tryggja barni [þ.e. einstaklingi yngri en 18 ára] sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjállega í ljós í öllum málum sem það varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.

Það er ekki síst á grundvelli þessarar greinar sáttmálans sem ég hef ákveðið að efna til Netþings. Markmið þess er að gefa ungu fólki verðugt tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri við opinberan talsmann sinn, umboðsmann barna. Umboðsmanni er ætlað að stuðla að bættum hag barna og standa jafnframt vörð um réttindi, hagsmuni og þarfir þeirra sem eru yngri en 18 ára.

Skipting þingfulltrúa verður samkvæmt nýrri kjördæmaskipun landsins. Þrjátíu þingfulltrúar koma úr landsbyggðarkjördæmunum þremur: Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi, þ.e. 10 þingfulltrúar úr hverju, 11 þingfulltrúar koma úr Suðvesturkjördæmi og 22 úr Reykjavíkurborgarkjördæmunum tveimur.

Þingið stendur í fjórar vikur. Netfundir verða haldnir vikulega og verða alls fjórir. Þingið hefst með æfingafundi hinn 8. október þar sem farið verður yfir helstu leikreglur lýðræðisins, tæknimál skoðuð og gengið úr skugga um að allir þingfulltrúar geti án nokkurra vandkvæða nýtt sér samskiptaleiðir þingsins.

Af þessu tilefni óska ég vinsamlegast eftir samstarfi við skólann í þremur mikilvægum atriðum:

Tölvunotkun

Óskað er eftir að þingfulltrúum verði veittur aðgangur að nettengdum tölvum skólans í u.þ.b. 2 klukkustundir á viku, alls fimm sinnum, til að sinna þingstörfum og vegna æfingafundar. Þegar þetta bréf er ritað liggur ekki



Ijóst fyrir hvort einhver nemenda skólans verður valinn til þátttöku - ef svo verður má búast við að um sé að ræða 2 til 4 nemendur.

Leyfi úr kennslustund

Pingfundir verða haldnir 9, 17, 25 og 29. október kl. 13-15 auk þess sem æfingafundur verður hinn 8. október á sama tíma. Óskað er eftir að nemendum sem þátt taka í Netþinginu verði veitt leyfi frá kennslustund. Þess ber að geta að fundi ber ekki upp á sama vikudag.

Leyfi vegna lokafundar

Óskað er eftir að netþingfulltrúar á Netþinginu fái leyfi frá skólasókn mánudaginn 5. nóvember, eftir því sem með þarf, vegna lokafundar sem væntanlega verður haldinn í Salnum í Kópavogi frá kl. 11-15.

Í framhaldi af þessu bréfi mun, af hálfu skrifstofu minnar, verða haft samband við skólann á næstu dögum og afstaða til ofangreinds könnuð.

Með vinsemd og virðingu

Þórhildur Líndal

NÚ GEFST TÆKIFÆRIÐ

Reykjavík, 25. september 2001

Til nemendafélaga framhaldsskóla

Ágæta stjórn!

Veturinn 1999 - 2001 ýtti ég, sem umboðsmaður barna, úr vör tilraunaverkefni sem nefnt var NetPing - unglingsþing umboðsmanns barna. Eins og nafnið bendir til fór þetta þing fram á Netinu, með þátttöku 63 þingfulltrúa sem voru á aldrinum 12- 15 ára úr 25 grunnskólum víðs vegar af landinu. Um störf þessa þings hefur verið gefin út skýrsla sem fylgir hér með ykkur til fróðleiks.

Nú er stefnt að því að efna til 2. NetPings og að þessu sinni hef ég ákveðið að óska eftir samstarfi við framhaldsskólanema. Félag framhaldsskólanema mun einnig koma að þessu verkefni en formaður þess hefur þegar fundað með mér.

Vegna þess samstarfs, sem ég leita nú eftir við ykkur, þ.e. nemendafélög framhaldsskóla, vil ég taka fram eftirfarandi atriði:

Eins og ykkur er eflaust kunnugt þá erum við Íslendingar aðilar að alþjóðlegum mannréttindasáttmála, sem gildir eingöngu um börn, nánar tiltekið um alla einstaklinga yngri en 18 ára. Þetta er samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem í daglegu tali er nefndur Barnasáttmálinn. Segja má að **rauði þráðurinn** í þessum sáttmála felist í þremur orðum, umhyggju, vernd og **þátttöku**. Samhliða því að börn skuli njóta umhyggju og sérstakrar verndar er lögð rík áhersla á að þau verði **virkir þátttakendur í þjóðfélaginu**.

Aðildarríki [þ. á m. Ísland] skulu tryggja barni [þ.e. einstaklingi yngri en 18 ára] sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálsglega í ljós í öllum málum sem

1. málsgrein 12. gr. þessa sáttmála er afar merkileg grein. Hún hefur oft verið nefnd lýðræðisgreinin og hljóðar svo: *það varða og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska.*

Það er ekki síst á grundvelli þessarar greinar sáttmálans sem ég hef ákveðið að efna til NetPings. Markmið þess er að gefa ungu fólki verðugt tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri við opinberan talsmann sinn, umboðsmann barna.



Umboðsmanni er ætlað að stuðla að bættum hag barna og standa jafnframt vörð um réttindi, hagsmuni og þarfir þeirra sem eru yngri en 18 ára. Til frekari fróðleiks vil ég benda ykkur á heimasíðuna; www.barn.is

Til þess að gera mér, sem umboðsmanni, kleift að rækja þetta mikilvæga hlutverk sitt er mér nauðsynlegt að heyra raddir ykkar, unga fólksins. Ég legg mikla áherslu á að þið verðið meira áberandi í samfélagsumræðunni, hinni opinberu umræðu, og að á ykkur verði hlustað. Þess vegna er nauðsynlegt að þið látið í ykkur heyra. **NÚ ER TÆKIFÆRIÐ !**

Eins og á 1. NetÞinginu hefur verið ákveðið að þingfulltrúar verði 63 talsins, jafnmargir og alþingismenn. Úr landsbyggðarkjördæmunum, þ.e. **Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi**, koma samtals **30 þingfulltrúar** þ.e. **10 úr hverju kjördæmi, 11 þingfulltrúar** komi úr **Suðvesturkjördæmi** og **22 úr Reykjavíkurkjördæmum**, sjá nánar meðfylgjandi mynd yfir skiptingu kjördæma.

NetÞingið mun standa yfir tímabilið **9. til 29. október 2001**. Netfundir verða haldnir **vikulega eða** samtals fjórum sinnum á framangreindu tímabilinu og stendur hver fundur í u.þ.b. **2 klukkustundir**. Starfið fer aðallega fram í nefndum, sem valdar verða í upphafi þingsins og fjallar hver nefnd um tiltekið umræðuefni á lokaðri spjallrás. Að loknum umræðum verða lagðar fram rökstuddar tillögur af hálfu hverrar nefndar og greidd atkvæði með og móti, um efni þeirra.

Ætlunin er að ljúka NetÞinginu **5. nóvember 2001** með því að bjóða til opinbers lokafundar á höfuðborgarsvæðinu. Þar munu þátttakendur hittast augliti til auglitis og fara yfir samþykktir þingsins í heyranda hljóði að viðstöddum gestum og fjölmiðlafólki. Að loknum þeim fundi verða **samþykktir NetÞings 2001** afhentar forseta Alþingis í Alþingshúsinu við Austurvöll eða forsætisráðherra í Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg.

Sem umboðsmaður barna leita ég hér með eftir formlegri samvinnu við nemendafélagið vegna þessa þýðingarmikla verkefnis og óska eftir liðsinni stjórnar til að kynna væntanlegt Netþing - unglingsþing umboðsmanns barna, fyrir nemendum í 1. og 2. bekk skólans, þ.e. nemendum fæddum 1984 og 1985 og hvetja þá eindregið til að skrá sig til þátttöku, sbr. meðfylgjandi skráningarblað. Einnig er unnt að skrá sig á Netinu, en slóðin er www.barn.is/netthing.



Í framhaldi af þessu bréfi mun Gyða Dröfn Tryggvadóttir verkefnisstjóri á skrifstofu umboðsmanns barna hafa samband við ykkur á allra næstu dögum þar sem skammur tími er til stefnu - og því nauðsynlegt að ganga í þetta verk sem allra fyrst. Netfang hennar er gyda@barn.is. Síminn - 552 8999 - á skrifstofu umboðsmanns barna er opinn milli [kl. 9 og 15 virka daga](#).

Með fyrirfram þakklæti og von um jákvæð viðbrögð.

Þórhildur Líndal
umboðsmaður barna

